

LÖG SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

I. kafli Almenn ákvæði, hlutverk og stjórnkerfi

1. grein. Heiti og aðsetur

Skáksamband Íslands (SÍ) er landssamband íslenskra skákfélaga. Heimili sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

Sambandið er aðili að Alþjóða skáksambandinu (FIDE), nema að aðalfundur ákveði annað. Jafnframt er sambandið aðili að öðrum alþjóðlegu samtökum skákmanna sem aðalfundur ákveður hverju sinni.

2. grein. Hlutverk og tilgangur SÍ

SÍ er æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að fara með yfirstjórn íslenskra skákmála,
- b. að vinna að eflingu skákarinnar í landinu og standa vörð um hagsmuni íslenskra skákmanna,
- c. að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis,
- d. að setja íslensku skákhreyfingunni lög og reglur og að framfylgja þeim,
- e. að annast þátttöku og val á keppendum sem keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi, hvort sem um er að ræða liða- eða einstaklingskeppni,
- f. að annast erlend samskipti, m.a. með því að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annarra þjóða.

SÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust þegar kemur að stjórnmálum og trúarbrögðum. SÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Jafnræði fyrir lögum og reglugerðum SÍ skal virt í hvívetna.

3. grein. Stjórnkerfi SÍ

Málefnum SÍ stjórna:

- a. aðalfundur sem fer með æðsta vald í málefnum SÍ og setur lög sambandsins, sem og skáklög sem gilda m.a. um mótahald á vegum þess,
- b. stjórn SÍ sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli aðalfunda,
- c. fastanefndir SÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum SÍ og starfsreglum sem stjórn SÍ setur þeim,
- d. sérstakar nefndir sem skipaðar eru af aðalfundi eða stjórn SÍ og starfa að afmörkuðum málefnum,
- e. annað hvort forseti í launuðu starfi, sbr. 11. gr., eða framkvæmdastjóri SÍ, sem ábyrgð ber á daglegum rekstri sambandsins.

Dómstóll SÍ er á einu dómstigi og starfar samkvæmt þessum lögum, skáklögum SÍ og öðrum reglum sem falla undir valdsvið hans.

II. kafli Aðild að SÍ og aðalfundur

4. grein. Aðild að SÍ og brottvikning félags

Með samþykki aðalfundar getur skákfélag orðið aðili að SÍ. Á milli aðalfunda getur stjórn SÍ veitt félagi inngöngu í sambandið. Félag telst þó ekki fullgildur aðili þess fyrr en inntakan hefur hlotið samþykki aðalfundar. Fulltrúar slíks félags mega sitja aðalfund með tillögurétti og málfrelsi uns fjallað hefur verið um inngöngu þess á fundinum.

Félag sem sótt hefur um inngöngu í SÍ og hlotið samþykki stjórnarinnar til þess skal fá aðgang að mótum SÍ fram að næsta aðalfundi.

Skákdeildir í félögum geta átt aðild að sambandinu, enda hafi þá minnst 10 menn bundist slíkum samtökum. Heimilt er tveimur eða fleiri aðildarfélögum í sama landshluta að stofna með sér svæðissamband.

Ekki má víkja aðildarfélagi úr sambandinu nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi. Brottvikning úr sambandinu þarf að styðjast við málefnaleg rök, svo sem að félag hafi um langa hríð ekki staðið skil á gjaldfallinni skuld til sambandsins og það hafi með grófum eða ítrekuðum hætti brotið gegn reglum sambandsins. Aðildarfélag, sem vikið hefur verið úr sambandinu, getur borið lögmati brottvikningarinnar undir dómstól SÍ.

5. grein. Aðalfundur SÍ

Aðalfundur skal haldinn árlega, eigi síðar en 1. júní.

Stjórn SÍ ákveður fundarstað og skal hún boða fundinn með rafrænum hætti, eða öðrum sannanlegum hætti, með minnst eins mánaðar fyrirvara. Ef brýna nauðsyn ber til er heimilt að ákveða að fundurinn fari fram í gegnum fjarfundabúnað.

Fundurinn telst lögmetur ef rétt er til hans boðað.

6. grein. Atkvæðisréttur á aðalfundi

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi fer hvert félag með eitt atkvæði enda geti það sýnt fram á a.m.k. 10 félagsmenn með lögheimili á Íslandi og virka skákstarfsemi.

Eitt atkvæði bætist við hjá félagi fyrir hverja sveit sem það sendir á Íslandsmót skákfélaga það árið.

Standi aðildarfélag í gjaldfallinni skuld við sambandið hefur það ekki rétt til að eiga fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.

Við atkvæðagreiðslu um kjörbréf í upphafi fundar skal gilda sú regla, að hvert félag fari ekki með fleiri atkvæði en það hafði á aðalfundi árið áður.

Hver kjörinn aðalfundarfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfléiðis.

Við atkvæðagreiðslur á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema um þau mál sem sérstaklega eru tilgreind í þessum lögum.

Á aðalfundi má takmarka tillögurétt og málfrelsi þeirra fundarmanna sem ekki hafa rétt til að greiða atkvæði á fundinum. Þeir sem sitja í stjórn og varastjórn SÍ hafa þó ávallt tillögurétt og málfrelsi á aðalfundi.

7. grein. Ársreikningur SÍ

Reikningsár SÍ hefst 1. janúar ár hvert. Ársreikningur, áritaður af löggiltum endurskoðanda, skal sendur aðildarfélögum og birtur á heimasíðu sambandsins 14 dögum fyrir aðalfund.

8. grein. Verkefni aðalfundar

Verkefni aðalfundar skulu vera þessi:

1. Forseti SÍ setur fundinn og lætur kjósa fundarstjóra og einn til vara og tvo fundarritara sem taka þegar til starfa.
2. Kynnt fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir kjörbréfum og kannar fundarsókn.
4. Forseti flytur skýrslu stjórnar.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum síðasta árs.
6. Umræður um störf stjórnarinnar og afgreiðsla reikninga.
7. Inntaka nýrra félaga.
8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og tillaga stjórnarinnar um árgjöld til sambandsins. Almennar umræður og afgreiðsla.
9. Kosning forseta fyrst (annað hvert ár), svo annarra stjórnarmanna og að lokum varastjórnar, sbr. 10. gr.
10. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
11. Kosnir 3 menn í kjörbréfanefnd og 3 til vara, til að athuga kjörbréf fyrir næsta aðalfund.
12. Kosnir 3 menn, þ.e. formaður og tveir meðdómendur, og þrír varadómendur í dómstól SÍ.
13. Kosnir 3 menn í kjaranefnd og einn til vara (annað hvert ár).
14. Umræður og breytingar á lögum og keppnisreglum (skáklögum) SÍ.
15. Önnur mál.

Röð verkefna má aðeins breyta með samþykki aðalfundar.

9. grein. Kosning heiðursfélaga

Aðalfundur getur kosið heiðursfélaga SÍ eftir tillögu sambandsstjórnar. Stjórn SÍ getur ákveðið að veita heiðursmerki SÍ, sem eru gullmerki og silfurmerki.

III. kafli Stjórn SÍ og stjórnunarhættir

10. grein. Kosning stjórnar SÍ

Stjórn SÍ er kosin á aðalfundi og hafa allir kjörnir aðalfundarfulltrúar atkvæðisrétt.

Stjórn SÍ skipa sjö menn, þ.e. forseti, varaforseti, ritari, gjaldkeri, æskulýðsfulltrúi og tveir meðstjórnendur. Fjórir menn sitja í varastjórn. Varamenn í stjórn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir.

Kosningar til forseta og stjórnar skulu vera leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal.

Fyrst skal kjósa beinni kosningu forseta til tveggja ára. Forseti skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.

Kjörtímabil annarra stjórnarmanna en forseta er til eins árs.

Tilkynning um framboð til embættis forseta SÍ skal berast skrifstofu SÍ minnst 10 dögum fyrir aðalfund. Hafi engin gild framboð til forseta borist innan tilskilins frests má hvenær sem er eftir það tilkynna um framboð, m.a. á aðalfundinum sjálfum.

Til að ná kjöri sem forseti SÍ þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bindandi kosningu, um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Kosning annarra stjórnarmanna en forseta skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Fá fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bindandi kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

11. grein. Staða forseta og framkvæmdastjóra

Heimilt er að forseti SÍ sé í föstu launuðu starfi fyrir sambandið, en fara þá skal eftir 13. gr við ákvörðun starfskjara hans. Með föstu launuðu starfi er átt við að forseti sé einnig í ráðningarsambandi við SÍ og að starfshlutfallið sé að lágmarki 20%. Sé forseti SÍ einnig starfsmaður sambandsins, er stjórn óskylt að ráða framkvæmdastjóra. Forseti tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu stjórnar um hvort hann verði í föstu launuðu starfi.

Sé forseti annað hvort ekki í föstu starfi fyrir sambandið eða í minna en 20% starfshlutfalli er stjórn skylt að ráða framkvæmdastjóra.

Forseti eða framkvæmdastjóri fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu SÍ skulu samþykktar af meirihluta stjórnar.

Stjórn setur launuðum starfsmönnum sambandsins starfslýsingu, þ.m.t. forseta og framkvæmdastjóra.

12. grein. Verkaskipting stjórnar

Stjórn SÍ skiptir með sér starfsheitum og verkefnum.

Forseti boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.

Stjórnarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórnarfundur er lögmætur ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sitja hann. Verði ágreiningur á stjórnarfundum skal bera afgreiðslu málsins undir atkvæði. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði forseta úrslitum.

13. grein. Kjaranefnd

Kjaranefnd SÍ er skipuð þremur mönnum og einum til vara og er kosin á aðalfundi SÍ til tveggja ára.

Sé forseti SÍ í föstu launuðu starfi við sambandið skal nefndin leggja til laun hans, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar SÍ á tillögu nefndarinnar. Að breyttu breytanda getur stjórn SÍ leitað til kjaranefndar vegna starfskjara annarra starfsmanna, enda sé þá forseti ekki í föstu launuðu starfi við sambandið.

Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn SÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

Um hæfi þeirra sem kosnir eru í kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem kosnir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn SÍ eða varastjórn.

14. grein. Fastanefndir SÍ

Stjórn SÍ skal að loknum aðalfundi skipa eftirfarandi fastanefndir:

- a. Mótanefnd,
- b. Fjárhagsnefnd,
- c. Landsliðsnefnd,
- d. Kvennaskáknefnd,
- e. Æskulýðsnefnd,
- f. Skákdómaranefnd,
- g. Skákpjálfaranefnd.

Nefndir starfa samkvæmt viðeigandi reglum SÍ og hafa ekki sérstakan fjárhag. Stjórn getur sett nefndum erindisbréf þar sem verkefni þeirra eru afmörkuð nánar.

Á aðalfundi er hægt að skipa sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli aðalfunda til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð af aðalfundi.

Stjórn SÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

IV. kafli Dómstóll SÍ

15. grein. Dómstóll SÍ

Dómstóll SÍ skal skipaður formanni og tveimur meðdómendum. Skulu þeir,

ásamt þremur varadómendum, vera kjörnir á aðalfundi SÍ til eins árs, sbr. 8. gr. Þeir sem kjörnir eru í dómstólinn skulu hvorki vera aðal- né varamenn í stjórn SÍ. Að lágmarki skulu tveir af þeim sex sem kjörnir eru dómarmarar og varadómarmarar vera löglærðir.

Dómstóll SÍ skal í hverju máli skipaður þremur dómendum og skal að minnsta kosti einn þeirra vera löglærður. Dómari skal gæta að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál og gera það í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um hæfi dómara.

Dómstóllinn skal hafa endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál sem koma upp innan vébanda SÍ og varða lög og reglur sambandsins. Dómstóllinn skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum SÍ, auk laga og reglna Alþjóða skáksambandsins (FIDE) eftir því sem við á. Aga- og úrskurðarmál innan SÍ skulu rekin fyrir dómstólnum nema þau séu sérstaklega falin öðrum samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins.

Skákmenn, taflfélög og aðrir aðilar innan skákhreyfingarinnar geta átt aðild að málum fyrir dómstólnum, til sóknar eða varnar, að því tilskyldu að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn þeirra og um sé að ræða málefni sem heyrir undir dómstólinn. Í því felst að málsaðili þarf að hafa sérstök tengsl við ágreiningsefnið, umfram aðra, og ágreiningsefnið að snerta lög eða reglur SÍ. Dómstóllinn metur hvort mál sem lagt er fyrir hann heyrir undir lögsögu hans og hvort skilyrði málsaðildar séu uppfyllt. Við mat á því hvort skilyrðið um lögvarða hagsmuni sé uppfyllt skal dómstóllinn hafa hliðsjón af reglum stjórnsýsluréttar þar að lútandi.

Dómstóll SÍ getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum þessum, skáklögum SÍ og öðrum reglum sem falla undir valdsvið dómstólsins. Brot á lögum og reglum SÍ getur varðað áminningu, keppnisbanni eða banni við annarri aðkomu að skákviðburðum, sem gildir ýmist á einstökum mótum eða í tiltekinn tíma. Stjórn SÍ skal setja reglugerð um agamál, þar sem nánar er kveðið á um hvaða háttsemi getur varðað viðurlögum.

Stjórn SÍ skal í samráði við dómstólinn setja reglugerð um störf og valdsvið dómstólsins.

V. kafli Lokaákvæði

16. grein. Breytingar á lögum þessum

Breytingar á lögum og skáklögum sambandsins verða einungis gerðar á aðalfundi. Allar lagabreytingartillögur verða að vera fluttar af stjórn SÍ, aðildarfélögum SÍ eða fulltrúum þeirra á aðalfundi. Til að tillaga verði tekin fyrir þarf tillöguflýgjandi eða fulltrúi hans að vera viðstaddur á aðalfundi og mæla sjálfur fyrir henni.

Til að breytingar á lögum öðlist gildi þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða, en til breytinga á skáklögum nægir einfaldur meirihluti.

Allar tillögur hér að lútandi ber að senda stjórn SÍ eigi síðar en 20 dögum fyrir aðalfund og skulu þær gerðar aðgengilegar á heimasíðu sambandsins eigi síðar en á sama tíma og ársreikningar sambandsins, sbr. 7. gr.

17. grein. Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög SÍ.

Bráðabirgðaákvæði:

Nú hefur forseti verið kjörinn á aðalfundi í fyrsta skipti á grundvelli þessara laga og sá sem kjörinn var hefur í senn gegnt forsetaembættinu fyrir kosningarnar og föstu launuðu starfi við sambandið. Þá skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðu þessa forseta:

Forsetanum er heimilt í samræmi við 4. mgr. 10. gr. að gegna embættinu í samfelld sex tveggja ára kjörtímabil frá því tímamarki þegar hann var fyrst kjörinn á grundvelli þessara laga.

Við ákvörðun launakjara forsetans á hans fyrsta tveggja ára kjörtímabili skal miða við að þau verði að öllu leyti sambærileg við þau kjör sem hann hafði fyrir kosninguna. Kjaranefnd útfærir ráðningarskilmálana nánar, sbr. 13. gr.

Greinargerð með tillögu að nýjum lögum SÍ

Stjórn Skáksambands Íslands (SÍ) starfsárið 2020–2021 ákvað að skipa laganeftnd sem fengi m.a. það hlutverk að yfirfara og endurskoða á heildstæðan hátt lög sambandsins. Neftndina skipuðu Þorsteinn Magnússon formaður, Helgi Brynjarsson, Helgi Áss Grétarsson, Ólafur Evert Úlfsson og Veronika Steinunn Magnúsdóttir. Neftndin leggur til að samþykkt verði ný heildarlög fyrir sambandið, sbr. þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Við gerð tillagnanna var litið til laga sérsambanda í íþróttahreyfingunni, einkum Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) og Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) en einnig Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ), Gólfambands Íslands (GSÍ) og Badminton sambands Íslands (BSÍ).

Efnisskipan hefur verið breytt umtalsvert miðað við gildandi lög, í því skyni að gera alla framsetningu skýrari en áður. Lögunum hefur verið kaflaskipt, einstökum greinum gefið heiti, röð ákvæða breytt og hugtakanotkun samræmd, t.d. þannig að skammstöfunin SÍ er ávallt notuð um Skáksamband Íslands. Lögð er til eftirfarandi kaflaskipan:

- I. Almenn ákvæði, hlutverk og stjórnkerfi
- II. Aðild að SÍ og aðalfundur
- III. Stjórn SÍ og stjórnunarhættir
- IV. Dómstóll SÍ
- V. Lokaákvæði

Rökrétt þykir að ákvæði um aðild að SÍ og aðalfund komi á undan ákvæðum um stjórn SÍ, öfugt við það sem er í gildandi lögum, enda sækir stjórnin umboð sitt til aðildarféлага SÍ í gegnum aðalfund sambandsins.

Þá eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar og eru þær helstu þessar:

- Forseti SÍ verði kjörinn til tveggja ára í senn og geti mest setið samfelld í sex kjörtímabil, þ.e. tólf ár, frá því tímamarki þegar hann er fyrst kjörinn til tveggja ára.
- Settar verði sérstakar reglur um stöðu forseta og framkvæmdastjóra. Lagt er til að ef forseti gegnir jafnframt föstu launuðu starfi fyrir sambandið, þar sem miðað er við 20% starfshlutfall eða meira, skuli kjaraneftnd, sem nýtur sjálfstæðis gagnvart stjórn SÍ, ákvarða starfskjör hans, sem þó skulu einnig staðfest af stjórninni. Þessi tilhögun á sér fyrirmynd í lögum KSÍ.
- Ákvæðum um dómstól SÍ verði breytt með það að markmiði að skapa skýrari umgjörð um valdheimildir, valdmörk og starfshætti hans.
- Ákvæði um stjórnkerfi SÍ verði gerð skýrari og m.a. kveðið á um fastaneftndir í lögunum.
- Ákvæði um kosningu forseta og stjórnar SÍ, sem og um starfshætti stjórnar, verði gerð ítarlegri en nú er.

Að mati neftndarinnar er rétt að skýra betur en áður stöðu forseta og framkvæmdastjóra. Komið er til móts við sjónarmið um að takmarka skuli

samfellda setu forseta en jafnframt tekið tillit til sjónarmiða um að ekki megi ganga of langt í þeim efnum. Breytingarnar sem lagðar eru til takmarka einungis samfellda setu forseta en ekki er lagt til að takmörk verði sett á samanlagða setu á forsetastóli, að því gættu að hann sitji ekki lengur en í 12 ár samfelld, eftir að breytingarnar koma til framkvæmda.

Þar sem forseti er formaður stjórnar sambandsins þykir rétt að sérstök nefnd sem nýtur sjálfstæðis gagnvart stjórninni fái það hlutverk að ákveða starfskjör hans ef tekin er ákvörðun um að hann gegni jafnframt launuðu starfi fyrir sambandið, sem nær því umfangi að nema 20% starfshlutfalli eða meira. Í ljósi umfangs verkefna sambandsins telur laganefnd nauðsynlegt að ávallt starfi annað hvort framkvæmdastjóri hjá sambandinu eða forseti í launuðu starfi. Sú útfærsla sem hér er lögð til veitir svigrúm til að ákveða hverju sinni hvor leiðin er farin.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ákvæði um 12 ára samfellda setu á forsetastóli gildi frá því tímamarki þegar forseti er fyrst kosinn á grundvelli þessara laga. Í því sambandi er vert að vekja athygli á því að samkvæmt lokamálslið 10. gr. gildandi laga er með samþykki aðalfundar unnt að breyta röð verkefna fundarins. Standi vilji til þess er því unnt að færa þann lið sem varðar lagabreytingar fram fyrir kosningu stjórnar og kjósa síðar á fundinum forseta til tveggja ára á grundvelli hinna nýju laga, sem og kjaranefnd, hljóti lögin samþykki. Laganefnd mælir með því að sú leið verði farin. Verði lögin aftur á móti ekki samþykkt fyrr en eftir kjör forseta og stjórnar á aðalfundi SÍ 2021 munu þau gilda í fyrsta sinn um kjör forseta 2022 og kjaranefnd þá jafnframt í fyrsta sinn fjalla um starfskjör hans. Í bráðabirgðaákvæði er jafnframt kveðið á um að á fyrsta tveggja ára kjörtímabili forseta skuli launakjör hans vera að öllu leyti sambærileg og fyrir kosninguna. Með þessu er leitast við að taka fullt tillit til þeirra atvinnutengdu réttinda sem forseti kann að njóta í ráðningarsambandi sínu við SÍ þegar þær koma til framkvæmda.

Að mati nefndarinnar er ástæða til að gera nokkrar breytingar á ákvæðum um dómstól SÍ. Lagt er til að ákvæði um skipan hans, starfshætti, valdheimildir, hæfi dómara og aðild að málum fyrir dómstólnum verði gerð ítarlegri og skýrari en áður. Aftur á móti þykir fara betur á því að efnisreglur um hvaða háttsemi geti varðað viðurlögum séu í reglugerð fremur en í lögum.

Lagt er til að ákvæði um keppendaskrá vegna Íslandsmóts skákfélaga verði felld út úr lögum SÍ, þar sem nægilegt er að hafa þau í skáklögum og reglugerð. Ákvæði um keppendaskrána eiga meiri samleið með skáklögum, sem varða mótahald á vegum SÍ.

Skýringar með einstökum greinum tillagnanna.

Um 1. gr.

Bætt er inn ákvæði um að SÍ skuli vera aðili að Alþjóða skáksambandinu (FIDE), nema aðalfundur ákveðið annað. Að öðru leyti er greinin óbreytt að efni til.

Um 2. gr.

Ákvæði um hlutverk og tilgang SÍ eru gerð ítarlegri en nú er. Bætt er inn ákvæði um hlutleysi SÍ gagnvart stjórnámálum og trúarbrögðum og um jafnræði og jafnrétti.

Um 3. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýrri 3. gr. þar sem veitt sé yfirlit um stjórnkerfi SÍ, auk þess sem ákvæði þar að lútandi verði gerð mun ítarlegri en í gildandi lögum. Í þeim efnum var sérstaklega litið til framsetningarinnar í lögum HSÍ. Með breytingunum er leitast við að veita heildstæða yfirsýn yfir stjórnkerfi SÍ.

Um 4. gr.

Í 5. og 6. gr. gildandi laga eru ákvæði um aðild að SÍ, þar á meðal inngöngu félaga í SÍ og brottvikningu þeirra. Bætt er við skilgreiningu á því hvað þurfi til þess að félagi sé vikið úr sambandinu og tekið fram að unnt sé að bera slíka ákvörðun undir dómstól SÍ.

Um 5. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 8. gr. gildandi laga. Lagt er til að í nýrri 3. gr. komi fram að aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sambandsins. Því er óþarft að endurtaka það hér. Þá er lagt til að ákvæði um bréflega boðun aðalfundar verði fellt út og þess í stað kveðið á um boðun með rafrænum eða öðrum sannanlegum hætti, sem er betur í takt við það sem nú tíðkast varðandi boðun funda. Enn fremur er lagt til að bætt verði við ákvæði þess efnis að ef brýna nauðsyn ber til sé heimilt að ákveða að fundurinn fari fram í gegnum fjarfundabúnað. Í því sambandi er horft til mjög sérstakra aðstæðna á borð við það þegar samkomutakmarkanir hamla hefðbundnu fundarhaldi.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu samhljóða núgildandi 9. gr. en einnig er þar ákvæði úr núgildandi 6. gr. um að félag sem stendur í gjaldfallinni skuld við SÍ á ekki rétt á að eiga fulltrúa á aðalfundi. Þá er lagt til að bætt verði inn ákvæði þess efnis að ekki sé heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleidis, sem er til frekari áréttingar meginreglunni um að hver fulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Enn fremur er lagt til að heimilað verði að takmarka tillögurétt og málfrelsi þeirra fundarmanna sem hvorki hafa atkvæðisrétt né sitja í stjórn eða varastjórn SÍ. Reiknað er með að þessari heimild verði beitt sparlega og einungis ef nauðsynlegt þykir í því skyni að tryggja greiðan framgang fundarins.

Um 7. gr.

Greinin er að mestu samhljóða gildandi 7. gr. SÍ. Þó er lagt til að bætt verði við ákvæði þess efnis að ársreikningur skuli áritaður af löggiltum endurskoðanda, sbr. kröfu stjórnvalda þar að lútandi.

Um 8. gr.

Að flestu leyti er greinin samhljóða nógildandi 10. gr. Eftirfarandi breytingar eru þó lagðar til:

- Kjörtímabil forseta verði lengt í tvö ár. Tilgangur þess er einkum sá að stuðla að ákveðnum stöðugleika við stjórn sambandsins.
- Tekið sé fram að forseti er kosinn fyrst, svo aðrir stjórnarmenn og loks varastjórn.
- Formaður dómstólsins sé kjörinn sérstaklega ásamt tveimur meðdómendum og þremur varamönnum. Í gildandi ákvæði er getið um kjör þriggja manna í dómstólinn og þriggja til vara en ekki getið sérstaklega um formann.
- Við bætist ákvæði um kosningu í kjaranefnd, sbr. almenna umfjöllun um þá nefnd hér að framan og í umfjöllun um 13. gr.
- Getið verði um skoðunarmenn reikninga í stað endurskoðenda, enda eru félagslegir skoðunarmenn kjörnir á aðalfundi, þótt löggildir endurskoðendur áriti ársreikning, sbr. 7. gr.

Um 9. gr.

Ákvæði um heiðursfélaga er samhljóða nógildandi 11. gr. Lagt er til að bætt verði við ákvæði um gullmerki og silfurmerki SÍ, enda hefur tíðkast að veita þau. Í nefndinni var rætt um hvort setja skyldi einhver viðmið eða skilyrði varðandi val á heiðursfélögum en ákveðið að leggja það ekki til að svo stöddu.

Um 10. gr.

Greinin varðar kosningu og verkaskiptingu stjórnar SÍ. Að nokkru leyti er byggt á gildandi 3. gr. laga SÍ en greinin sem lögð er til hefur þó að geyma mun ítarlegri ákvæði um þetta. Horft var til 15. gr. laga HSÍ sem fyrirmyndar. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til hvað þetta varðar:

- Fellt verði út ákvæði um skákritara, að því er varðar verkaskiptingu stjórnar. Því verði getið um tvo meðstjórnendur í stað eins. Ekki þykir ástæða til að viðhalda því fyrirkomulagi að skákritari sé sérstakt embætti innan stjórnar.
- Tekið verði fram að varamenn taki sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og komi inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir. Þessi breyting aftrar því ekki að varamenn taki fullan þátt í störfum stjórnar á sama hátt og verið hefur en getur skipt máli ef mál eru borin undir atkvæði á stjórnarfundum.
- Tekið verði fram að kosningar til forseta og stjórnar séu leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Þetta er líkast til í samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið tíðkuð, en rétt þykir að geta um þetta í lögum.
- Tekið verði fram að fyrst sé forseti kosinn til tveggja ára og áskilið að hann sitji ekki lengur samfelld en í sex kjörtímabil. Hvað síðarnefnda atriðið varðar vísast til umfjöllunar um það hér að framan.

- Áskilið verði að framboð til forseta berist skrifstofu SÍ minnst 10 dögum fyrir aðalfund. Hafi engin framboð borist innan þeirra tímamarka, má þó tilkynna um framboð síðar, m.a. á aðalfundi. Tilgangur þessa er sá að stuðla að því að það liggi tímanlega fyrir hverjir bjóða sig fram til forseta. Um leið er þó gætt að því að hægt sé að bæta úr því ef engin gild framboð berast innan tímamarkanna.
- Áskilið verði að meirihluta gildra atkvæða þurfi til að ná kjöri til embættis forseta. Ef ekki næst meirihluti við fyrstu kosningu skuli kosið aftur milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hluti í fyrstu umferð.
- Tekið er fram að kosning annarra stjórnarmanna sé bundin við þá sem gefa kost á sér. Jafnframt er áskilið að atkvæði sé aðeins gilt ef kosnir eru jafn margir og kjósa á. Fái fleiri en kjósa á jafnmörg atkvæði skal kosið aftur milli þeirra. Verði þá enn jafnt skal hlutkesti ráða.

Um 11. gr.

Greinin hefur að geyma nýmæli sem varða stöðu forseta og framkvæmdastjóra. Gerð var grein fyrir þeim helstu í almennri umfjöllun hér að framan. Horft var til laga KSÍ sem fyrirmyndar og einnig laga annarra sársambanda. Nánar tiltekið eru eftirfarandi nýmæli lögð til:

- Sett verði sérstök heimild í lögum þess efnis að forseti geti verið í föstu launuðu starfi við sambandið en jafnframt útfært nánar hvernig því skuli hagað ef ákveðið er að hafa þann hátt á. Með föstu launuðu starfi er átt við að forseti sé í ráðningarsambandi við SÍ og starfshlutfallið a.m.k. 20%.
- Sé forseti ekki í föstu launuðu starfi, eða í minna en 20% starfshlutfalli, verði skylt að ráða framkvæmdastjóra.
- Áskilið verði að forseti taki ekki þátt í ákvörðun stjórnar um hvort hann verði í föstu launuðu starfi.
- Tekið verði fram að forseti eða framkvæmdastjóri fari með prókúru SÍ en að allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu SÍ skuli þó samþykktar af meirihluta stjórnar. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um prókúru sambandsins og ekki heldur nein skilyrði varðandi skuldbindingu þess. Ástæða þykir til að bæta úr því með því að fela forseta eða framkvæmdastjóra prókúru og áskilja samþykki meirihluta stjórnar fyrir meiriháttar skuldbindingum. Ekki er þó farið út í að skilgreina hvenær skuldbindingar teljist meiriháttar, enda getur mat á því að einhverju marki verið atviksbundið og einnig breytilegt eftir þróun verðlags. Enn fremur getur það verið háð samkomulagi stjórnar og framkvæmdastjóra hversu víðtækt umboð hann hlýtur.
- Tekið verði fram að stjórnin setji launuðum starfsmönnum starfslýsingu, þ.m.t. forseta og framkvæmdastjóra. Með því er leitast við að tryggja að verksvið og umboð starfsmanna sé vel skilgreint.

Um 12. gr.

Greinin er byggð á lokamálsgrein 3. gr. og 4. gr. gildandi laga, auk þess sem höfð er hliðsjón af lögum HSÍ varðandi ákvæði um tíðni funda og heimild stjórnarmanna til að krefjast fundar. Lagt er til að áskilið verði að

stjórnarfundir séu haldnir ekki sjaldnar en annan hvern mánuð og að skylt verði að funda innan 7 daga ef a.m.k. þrjú stjórnarmenn krefjast þess.

Um 13. gr.

Greinin felur í sér nýmæli um kjaranefnd sem fái það hlutverk að fjalla um launakjör forseta, ef hann er í launuðu starfi, og annarra starfsmanna SÍ ef stjórnin óskar þess. Litið var til 32. gr. laga KSÍ til hliðsjónar. Tekið er fram að ákvarðanir nefndarinnar skuli bókaðar og rökstuddar. Þá skuli fara eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga varðandi hæfi nefndarmanna og áskilið verði að nefndarmenn sitji hvorki í stjórn SÍ né varastjórn. Með þessu er undirstrikað mikilvægi þess að nefndin sé sjálfstæð í störfum sínum og óháð þeim sem ákvarðanir hennar lúta að.

Um 14. gr.

Lögð er til sú nýbreytni að geta um tiltekna fastanefndir í lögum SÍ. Þar er tekið mið af því hvaða nefndir hafa að jafnaði starfað í umboði stjórnarinnar og lagt til að áskilið verði að stjórnin skipi að loknum aðalfundi mótanefnd, fjárhagsnefnd, landsliðsnefnd, kvennaskáknefnd, æskulýðsnefnd, skákdómaranefnd og skákpjálfrannefnd. Þetta eru þær nefndir sem eru starfandi á núverandi starfsári, auk laganevndar. Ekki þykir ástæða til að gera laganevnd að fastanefnd hjá sambandinu, heldur er með tillögunum lagt í hendur stjórnarinnar að meta hverju sinni hvort þörf sé á að skipa hana.

Fram kemur að nefndir starfi samkvæmt viðeigandi reglum SÍ og hafi ekki sérstakan fjárhag. Stjórn SÍ geti sett þeim erindisbréf þar sem verkefni þeirra séu afmörkuð nánar.

Einnig er lagt til að fram komi að á aðalfundi sé hægt að skipa sérstakar tímabundnar nefndir til að sinna tilteknum málefnum og jafnframt að stjórn SÍ geti skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

Um 15. gr.

Greinin varðar dómstól SÍ og er að nokkru leyti byggð á núgildandi 13. gr. Einnig voru ákvæði í lögum annarra sérsambanda höfð til hliðsjónar, einkum lög KSÍ. Eins og að framan greinir eru þó lagðar til umtalsverðar breytingar sem einkum er ætlað að skýra betur ákvæði um skipan dómstólsins, starfshætti, valdheimildir, hæfi dómara og aðild að málum fyrir dómstólnum. Reglur um þá háttsemi sem getur varðað viðurlögum þykja þó eiga betur heima í reglugerð. Eftirfarandi breytingar eru lagðar til:

- Fram komi að dómstóllinn sé skipaður formanni og tveimur meðdómendum.
- Áskilið verði að þeir sem kjörnir eru séu hvorki í stjórn né varastjórn SÍ.
- Áskilið verði að í það minnsta tveir af þeim sex sem kosnir eru aðal- og varamenn í dómstólinn skuli vera löglærðir að í hverju máli skuli sitja að minnsta kosti einn löglærður dómari.
- Fram komi að dómari skuli gæta að hæfi meðdómsmanna sinna og gera það í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur um hæfi dómara.

- Fram komi að dómstóllinn hafi endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál innan SÍ, sem varða lög og reglur sambandsins.
- Fram komi að dómstóllinn skuli byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum SÍ, auk laga og reglna Alþjóða skáksambandsins (FIDE) eftir því sem við á.
- Tekið verði fram að aga- og úrskurðarmál innan SÍ skuli rekin fyrir dómstólnum nema þau séu sérstaklega falin örðum samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins.
- Skilgreint verði að skákmenn, taflfélög og aðrir aðilar innan skákhreyfingarinnar geti átt aðild að málum fyrir dómstólnum, að því tilskyldu að þeir hafi *lögvarða hagsmuni* af úrlausn þeirra og um sé að ræða málefni sem heyrir undir dómstólinn. Með tilvísun til lögvarinna hagsmuna er vísað í hugtak sem er þekkt í stjórnslurétti og felur í meginatriðum í sér að aðili máls þarf að eiga *einstaklegra* hagsmuna að gæta umfram aðra og gjarnan er litið svo á að þeir hagsmunir þurfi að vera *verulegir*. Enn fremur þurfa þeir hagsmunir að tengjast úrlausn viðkomandi máls. Mat á lögvörðum hagsmunum er því að nokkru leyti samofið mati á því hvort um sé að ræða málefni sem heyrir undir dómstólinn. Lagt er til að dómstólnum verði falið að meta hvort þessi skilyrði séu uppfyllt og til leiðbeiningar fyrir dómstólinn vísað í reglur stjórnsluréttar þar að lútandi. Með skilyrðinu um að hluti dómara við dómstólinn sé löglærður ætti að vera tryggt að innan hans sé ávallt næg þekking á framkvæmd mats af þessu tagi.

Ógerlegt er að telja upp öll þau álitaefni sem geta komið upp tengd aðild að málum fyrir dómstólnum. Til frekari skýringar má þó í dæmaskyni nefna að þátttakandi í skákmóti sem telur að reglur hafi verið brotnar við framkvæmd mótsins, á þann hátt að það bitni á hagsmunum hans, ætti að öðrum skilyrðum uppfylltum að geta kært það til dómstólsins og þá ætti mótshaldari aðild að málinu til varnar. Skákmaður sem ekki tekur þátt í mótinu ætti aftur á móti tæplega kærurétt vegna þessa og sömuleiðis gætu tæpast aðrir en sá aðili sem tók hina umdeildu ákvörðun átt aðild til varnar. Hægt er að hugsa sér tilvik þar sem einhver sem ekki tekur beinan þátt í starfsemi skákhreyfingarinnar eigi aðild að máli fyrir dómstólnum, svo sem ef viðkomandi truflar ítrekað framkvæmd móta. Þá gæti mótshaldari mögulega kært viðkomandi til dómstólsins sem gæti eftir atvikum beitt viðurlögum í formi banns við aðkomu að skákviðburðum.

- Tekið verði fram að viðurlög geti falist í áminningu, keppnisbanni eða banni við annarri aðkomu að skákviðburðum, ýmist á einstökum mótum eða í tiltekinn tíma.
- Fram komi að brot á lögum eða reglum SÍ geti varðað slíkum viðurlögum. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á því hvaða háttsemi getur varðað viðurlögum verði í reglugerð.
- Tekið verði fram að stjórn SÍ setji reglugerð um agamál og jafnframt að hún setji í samráði við dómstólinn reglugerð um störf hans og valdsvið.

Um 16. gr.

Greinin varðar breytingar á lögum SÍ og skáklögum og er að mestu samhljóða núgildandi 14. gr.

Um 17. gr.

Fram kemur að lögin öðlist þegar gildi og jafnframt að eldri lög SÍ séu með því fallin úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Tillögurnar fela í sér breytingar á lengd kjörtímabils forseta, hámarkslengd samfelldrar setu á forsetastóli og fyrirkomulag ákvörðunar starfskjara forseta ef ákveðið er að hann gegni launuðu starfi fyrir SÍ. Þegar breytingar af því tagi eru innleiddar er mikilvægt að gæta vel að lagaskilum, þ.e. hvernig breytingarnar eru innleiddar, þar á meðal gagnvart þeim aðila sem gegnir stöðu forseta þegar þær koma til framkvæmda. Lagt er til að forseta verði heimilt að gegna embættinu í sex tveggja ára kjörtímabil samfelld frá þeim tíma þegar hann er fyrst kosinn til tveggja ára á grundvelli nýrra laga. Þá er lagt til að við ákvörðun starfskjara hans á fyrsta kjörtímabilinu, gegni hann þá föstu launuðu starfi fyrir SÍ, skuli miða við að þau verði að öllu leyti sambærileg við þau kjör sem hann hafði fyrir kosninguna. Tekið er fram að kjaranefnd útfæri ráðningarskilmálana nánar.